

3H Travel ehf
Markarflöt 5
210 Garðabær

Reykjavík, 4. september 2024
UST202408-021/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir starfsemi á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn 3H Travel ehf, dagsett, 4. ágúst 2024, um leyfi til starfsemi í Þríhnúkum innan Bláfjallafólkvangs.

Bláfjallafólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 173/1985](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Mannvirkjagerð er háð samþykki Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

3H Travel ehf. óskar eftir leyfi til uppsetningar á búnaði til að auðvelda aðgengi að Þríhnúkagíg vorið 2025. Líkt og síðustu ár, yrði byggingarkranabóma lögð þvert yfir gígopið, án nokkurs rask á landi eða yfirborði. Neðan úr bómunni verður tveggja spila lyftupallur sem notaður verður til flutnings á fólki. Við uppsetninguna yrði notuð þyrlla og hugsanlega jeppi á snjó. Óskað er eftir að leyfi fyrir starfseminni gildi frá 1. maí 2025 og út október 2025. Rafmagnskapall sem lagður var frá Bláfjöllum fyrir nokkrum árum mun fullnægja rafmagnsþörf en varaafstöð verður í Þríhnúkum ef kemur til straumrofs. Þess er jafnframt farið á leit að aðstaða fyrirtækisins þ.e. gámar, þurrsalerni og kranabóma sem notast hefur verið við undanfarin ár fái að standa á svæðinu yfir veturinn 2024-2025. Fyrir liggur starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis. Félagið óskar einnig eftir leyfi til að viðhalda stíg sem lagður var frá Bláfjöllum að Þríhnúkum vorið 2014. Ef þörf er á verður borið malað hraungrýti í hann vorið 2025. Fjöldi starfsmanna verkefnisins yfir sumarið eru um 50 manns.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina líklega til að breyta ásýnd svæðisins, en áhrifin eru staðbundin. Hefur starfsemin verið lengi á svæðinu og innviðir sem eru til staðar stýra umferð vel og draga úr neikvæðum áhrifum gesta á nærliggjandi gróður og jarðmyndanir sem eru viðkvæmar. Umhverfisstofnun ítrekar mikilvægi þess að að halda sig innan marka vinnusvæðis og stíga, ganga vel um og fara eftir þeim skilyrðum sem sett eru. Svæðið er afar viðkvæmt og á erfitt með að jafna sig eftir átroðning.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir 3H Travel ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu á tímabundinni aðstöðu við Þríhnúka í Bláfjallafólkvang á tímabilinu 1. maí 2025 til og með 31. október 2025

og að gámar, þurrsalerni og kranabóma sem fyrir eru á svæðinu fái að standa þar veturinn 2024-2025 og viðhaldi á göngustíg sumarið 2025 sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tryggt skal að allur búnaður verði settur upp og fjarlægður innan gildistíma leyfisins.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær búnaður er fluttur á svæðið og uppsetning á aðstöðu hefst. Eins þegar frágangi lýkur í lok tímabilsins.
- Kynna skal fyrir starfsmönnum þau skilyrði sem fylgja leyfinu.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Að Umhverfisstofnun verði gert viðvart ef upp koma slys eða önnur óhöpp tengd leyfi þessu.
- Allur akstur utan vega er bannaður á svæðinu nema á snævi þakinni jörð svo fremi jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum. Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíg eða vegi skal það tryggt að umgangur sé ekki líklegur til að valda gróðurskemmdum
- Afmarka skal athafnasvæði fyrirtækisins vel til að koma í veg fyrir jarðrask í kringum það.
- Gætt verði varúðar við meðferð olíu og mengandi efna.
- Starfsmenn og gestir fyrirtækisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður og komið í endurvinnslu eftir því sem tók eru á.
- Öllu raski við verkefni verði haldið í lágmarki. Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja við flutning á búnaði á svæðið og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Umsækjandi skal stuðla að því að það sé góð stýring á umferð ferðamanna um svæðið þannig að tryggt sé að svæði utan göngustíga verði ekki fyrir raski.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um starfsemi, viðburði, rannsóknir og athafnir er kr. **62.400.** sbr. 29. gr. a. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

René Biasone
sérfræðingur